

## Próf í verðbréfavíðskiptum 2019-2020

Prófnefnd verðbréfavíðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfavíðskiptum veturinn 2019-2020 sem hér segir: Próf í I. hluta verða haldin **28., 30. október og 4. nóvember 2019**, próf í II. hluta **27. og 29. janúar og 5. febrúar 2020** og próf í III. hluta **4., 6., 11. og 13. maí 2020**. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfavíðskiptum, með áorðnum breytingum. Vakin er athygli á að próf í verðbréfavíðskiptum **verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfavíðskiptum. Sama á við um haustpróf 2020. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófnefnd verðbréfavíðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr og semur prófsefnislýsingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis, <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/>. Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Um undanþágur frá töku prófa fer skv. 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfavíðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þeytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um verðbréfavíðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þeytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans <http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefamidlun/>. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst tíu dögum fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á vefsíðu prófnefndar <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/>.

*Reykjavík, 28. ágúst 2019*

*Prófnefnd verðbréfavíðskipta*